

**Fundargerð 93. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses.**  
**Haldinn mánudaginn 23. febrúar 2026, kl. 08:30 í fundarsal SSS.**

Mætt eru: Kjartan Már Kjartansson, Guðrún P. Ólafsdóttir, Magnús Stefánsson, Jóhann Snorri Sigurbergsson(fjarfundur), Arnbjörn Ólafsson (fjarfundur) og Árni Sigfússon(fjarfundur)

Starfsmenn: Daníel Einarsson (sem ritaði fundargerð) og Sigrún Svafa Ólafsdóttir

Forföll: Fannar Jónasson

**Dagskrá fundarins:**

**1. Skýrsla verkefnastjóra**

Verkefnastjóri fór yfir stöðu helstu verkefna frá síðasta fundi. Unnið er að mótun ramma og verklags um uppbyggingu, rekstur og viðhald áfangastaða innan jarðvangsins í samvinnu við sveitarfélög og stofnaðila jarðvangsins. Einnig er til skoðunar nýtt verklag vegna staða á forgangslista ferðamannastaða.

Menntabúðir með UNESCO skólapema voru haldnar í Gerðaskóla og tókust afar vel, með þátttöku yfir 100 gesta frá 15 skólum. Jarðvangurinn stóð fyrir fjölskylduviðburði í vetrarfríi í Duus safnahúsi og skoðar þátttöku í BAUN og Skelinni. Fram undan er kennaraferð til Danmerkur með áherslu á skóla í virku samstarfi við jarðvanga og UNESCO-skóla.

Fjármögnuð í gegnum Erasmus+ samstarf SSS, jarðvangsins og GeoCamp.

Umsókn í Byggðaaætlun (C.1) um áframhaldandi uppbyggingu fræðslustarfs hlaut ekki styrk. Fram undan eru verkefnafundir í tveimur evrópuverkefnum (Nordplus og Erasmus+), auk vorfundar CC EGN. Undirbúningur stendur yfir að sameiginlegu málþingi með Kötlu jarðvangi og samstarfsstofnunum 29. apríl.

Unnið er að því að setja spurningar um jarðvanginn í Gallup-spurningavagn til að mæla vitund og viðhorf. Samstarf er hafið við Víkurfréttir vegna reglubundinnar umfjöllunar um almyrkva 2026. Ný heimasíða og vefsíða jarðvangsins eru í vinnslu og miðast vel áfram.

Skýrsla verkefnastjóra sýnir nánari útlistun á helstu verkefnum á tímabilinu 19.1-23.3.2026

**2. Mælingar – kanna vitund um Reykjanes jarðvangs**

Verkefnastjóri kynnti hugmyndir að könnun á vitund og viðhorfum til Reykjanes jarðvangs, í kjölfar samtals við sérfræðing hjá Gallup. Rætt var um að nýta svokallaðan spurningavagn.

Dæmi um spurningar geti verið um:

- Þekkingu á Reykjanes jarðvangi
- Hvar svarendur hafi heyrt um jarðvanginn
- Hvort viðkomandi hafi heimsótt Reykjanes jarðvang
- Uppáhaldsstaðir á Reykjanesi

Sérfræðingur Gallup mun koma til með að vinna að endanlegum spurningum, orðalagi o.fl. til að tryggja gæði könnunarinnar.

Rætt var að mikilvægt væri að geta greint svör eftir búsetu, þ.e. íbúa á Reykjanesi annars vegar og landsmenn í heild hins vegar. Bent var á að Reykjanes sé orðið það fjölmennt svæði að mögulega teljast íbúar svæðisins sem marktækur samanburðarhópur innan landsúrtaks.

Stjórn var sammála um að forgangsraða svörum frá:

1. Íbúum á Reykjanesi
2. Íbúum utan Reykjaness
3. Erlendum ferðamönnum

Einnig var lögð áhersla á að kanna sérstaklega þekkingu erlendra ferðamanna á jarðvanginum, verður skoðað síðar.

Verkefnastjóra var falið að hefja samtal að nýju við Gallup og leggja fram tillögu að frekari útfærslu og nálgun könnunar.

- 3. Samráðshópur um þróun, rekstur, og uppbyggingu áfangastaða - Óskað eftir tilnefningum**  
Stjórn og verkefnastjóri hafa undanfarið fjallað um mikilvægi þess að koma á skýru skipulagi og ramma um verklag um uppbyggingu, rekstur og viðhald áfangastaða innan jarðvangsins og að það sé gert í samvinnu við sveitarfélög og stofnaðila jarðvangsins. Sú tillaga var borin upp að sveitarfélög/stofnaðilar tilnefni einn fulltrúa í samráðshóp um þessi mál. Kjartan Már (formaður) lagði til að fyrsta verkefni þessa hóps væri að leggja fram tillögu að ábyrgðarskiptingu áfangastaða innan jarðvangsins.

Verkefnastjóra var falið að senda erindi á sveitarfélögin/stofnaðila og óska eftir tilnefningum í samráðshóp.

#### **4. Önnur mál**

##### **a. Fræðsluerindi um Almyrkva**

Verkefnastjóri kynnti hugmynd um að Reykjanes jarðvangur, í samstarfi við Sævar Helga Bragason, bjóði öllum grunnskólum á Reykjanesi upp á fræðsluerindi um almyrkva fyrir nemendur á öllum skólastigum. Áætlaður kostnaður verkefnisins er 1,5–2,0 m.kr.

Fram kom að erfitt hefur reynst að afla styrkja til verkefnisins, en sú vinna er enn í gangi. Litið er á verkefnið sem mikilvægt tækifæri til að efla tengsl jarðvangsins við skólasamfélagið og íbúa svæðisins, auk þess sem ætla má að sýnileiki jarðvangsins aukist m.a. í tengslum við kynningar skólanna til foreldra.

Verkefnastjóri lagði til að kannað yrði hvort fjárhagslegar forsendur væru til staðar til að jarðvangurinn leggi til fjármagn í verkefnið. Stjórn samþykkir að þessi möguleiki verði kannaður.

Jafnframt komu fram hugmyndir um að bjóða upp á sambærilegt fræðsluerindi fyrir almenning á Reykjanesi. Einnig var rætt um möguleikann á að erindið yrði í formi upptöku eða fjarfundar, þó talið sé að fræðsla í persónu hafi meiri áhrif, sérstaklega þar sem fyrirlesarinn er vel þekktur meðal nemenda.

##### **b. Næsti stjórnarfundur**

Verkefnastjóri óskaði eftir að gera breytingu á fundartíma næsta stjórnarfundar.

Næsti stjórnarfundur er haldinn á TEAMS kl. 09:00 þann 16.3.2026.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 09:27